

Tóku gildi 27. nóvember 2023.

Viðmið um framstillingu

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Viðmið þessi gilda um framstillingu áfengra vörutegunda í verslunum ÁTVR.

2. gr.

Markmið o.fl.

Við framstillingu skal stuðla að upplýsandi og faglegri þjónustu við viðskiptavini ásamt því að gæta hagkvæmni, hófsemdar og jafnræðis á milli birgja.

Við framstillingu skal leitast við að upplifun viðskiptavina sé samskonar í öllum verslunum ÁTVR óháð stærð og staðsetningu þeirra.

Þegar vísað er til skrifstofu ÁTVR í þessum viðmiðum er átt við sölu- og þjónustusvið nema annað sé sérstaklega tekið fram.

3. gr.

Framkvæmd og ábyrgð.

Í hverri verslun skal verslunarstjóri tryggja fylgni við þessi viðmið.

Verslunarstjóri skal hafa samráð við skrifstofu ÁTVR um allar verulegar breytingar á framstillingu í verslun.

Aðfinnslum, athugasemdum og beiðnum varðandi framstillingu skal beina til skrifstofu ÁTVR. Á það við hvort heldur sem þær varða staka verslun eða fleiri.

4. gr.

Framstillingarrými og framstillingarmáti

Framstillingarrými verslana skiptast eftir atvikum í:

1. almennt verslunarrými
2. bjórkæli, þ.e. afmarkað og einangrað manngengt rými hvar hitastig er 14-15°C.
3. vínkæli, þ.e. afmarkað og einangrað manngengt rými hvar hitastig er 14-15°C.

Í framstillingarrými verslana skal vörutegundum eftir atvikum stillt fram á einhvern eftirfarandi máta:

1. í hillu,
2. í læstum skáp
3. á palli
4. á vörubretti, þ.e. euro pallettu.

Vörutegund skal aldrei stillt fram á gólfí verslunar.

5. gr.

Flokkun vörutegunda og framstilling á grundvelli hennar.

Vörutegundir flokkast eftir megininkennum í sex (6) framstillingarflokka.

Innan hvers framstillingarflokks flokkast vörutegundirnar nánar eftir ítarlegri einkennum í breytilegan fjölda framstillingarhópa og eftir atvikum enn nánar, þ.e. eftir enn ítarlegri einkennum, í breytilegan fjölda undirhópa.

Vörutegundum sem tilheyra sama framstillingarflokki, framstillingarhópi eða undirhópi í viðkomandi verslun, sbr. ákvæði 10. – 15. gr., skal stilla fram saman með þeim frávikum sem vikið er að í 17.- 19. gr.

Vörutegundum sem stillt er fram saman, í samræmi við ákvæði 3. mgr., skal raða í samræmi við ákvæði 16. gr.

II. KAFLI Meginreglur.

6. gr.

Hófsemd og snyrtimennska.

Framstilling skal vera snyrtileg, hófleg og ekki sérstaklega sölu hvetjandi, t.d. skal vörutegundum ekki komið fyrir ofan á afgreiðslukössum eða ofan á eða ofar hillubökum.

7. gr.

Fyrst inn fyrst út.

Haga skal framstillingu þannig að eldri vörubirgðir séu aðgengilegri en yngri vörubirgðir fyrir viðskiptavini, t.d. skulu eldri vörubirgðir vera framur þeim yngri í hillu.

Aldur vörubirgða ákvarðast, eftir atvikum, af tímamarki móttöku í viðkomandi verslun, „best fyrir“ merkingum eða árgangi.

8. gr.

Ein framstilling.

Hverri vörutegund skal stillt fram á einum stað í hverri verslun nema annað sé sérstaklega tiltekið í viðmiðum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt á grunni sjónarmiða um eignavörslu, t.d. þegar um sérstaklega dýra vörutegund er að ræða, að víkja frá ákvæði 1. mgr. og stilla fram „gervi“ sölueiningu vöru í stað eiginlegrar sölueiningar.

Ein sölueining eða röð hvernar vörutegundar, sem stillt er fram í hillu eða læstum skáp, skal vera sýnileg viðskiptavini hverju sinni, nema annað sé sérstaklega tiltekið í viðmiðum þessum.

Víkja skal frá ákvæðum 3. mgr. til að fyrirbyggja vöntun í framstillingu í hillu verslunar, t.d. þegar eftirspurn eftir vörutegund er fyrisjáanlega mikil eða ef birgðir nærliggjandi vörutegundar eru tímabundið uppnar.

Með fyrirvara um ákvæði 8. mgr. skal hver og ein vörutegund ekki fá ríkari framstillingu í hillu, á grundvelli 4. mgr., en sem nemur einni hefðbundinni hillubreidd.

Með fyrirvara um ákvæði 8. mgr. skal hver og ein vörutegund ekki fá ríkari framstillingu á palli en sem nemur einum (1) palli.

Með fyrirvara um ákvæði 8. mgr. skal hver og ein vörutegund ekki fá ríkari framstillingu á vörubretti en sem nemur einu (1) vörubretti.

Samkvæmt fyrirmælum skrifstofu er við sérstakar aðstæður heimilt að víkja tímabundið frá ákvæðum 5., 6. og 7. mgr.

9. gr.

Ákvörðun framstillingarrýmis og framstillingarmáta.

Framstillingarrými og framstillingarmáti vörutegundar skal, þegar við á, að meginstefnu ráðast af eftirspurn í viðkomandi verslun og skilyrðum um vörumeðhöndlun, m.a. þeim sem lúta að því að tryggja öryggi og gæði vöru. Þegar sérstaklega stendur á er einnig heimilt að líta til annarra málefnaþgra sjónarmiða, t.d. um vinnuvernd og eignavörslu.

III. KAFLI

Flokkun og röðun vörutegunda.

10. gr.

Framstillingarflokkurinn: bjór, gosblanda, síder o.fl.

Framstillingarflokkurinn *bjór, gosblanda, síder o.fl.* samanstendur af neðangreindum fimm (5) framstillingarhópum.

1. Ljós lagerbjór.
2. Annar bjór.
3. Mjöður.
4. Síder.
5. Áfengisblanda með styrkleika vínanda 7% eða minni (gosblanda, seltzer, rtd, hanastél/kokteill o.fl.)

Vörutegundum skal stilla fram saman sem, innan hvers framstillingarhóps, deila enn ítarlegri einkennum, t.d. uppruna, stíl eða bragðeinkennum.

Vörutegund sem tilheyrir framstillingarflokknum skal stilla fram í hillu, á palli og/eða á vörubretti í bjórkæli eða í almennu verslunarrými.

11. gr.

Framstillingarflokkurinn: vín.

Framstillingarflokkurinn *vín* samanstendur af neðangreindum fimm (5) framstillingarhópum sem skiptast, eftir atvikum, enn frekar í undirhópa samkvæmt neðangreindu.

1. Rauðvín í 750 ml glerflöskum.
2. Hvítvín í 750 ml glerflöskum.
3. Freyðivín í 750 ml glerflöskum.
4. Rósavín í 750 ml glerflöskum.
5. Annað vín.
 - a. Vín í glerflöskum minni en 750 ml.
 - b. Vín í glerflöskum stærri en 750 ml.
 - c. Vín í kössum (BIB) minni en 2000 ml.
 - d. Önnur vín í kössum (BIB).
 - e. Vín í fernum.
 - f. Vín í pokum.
 - g. Annað.

Vörutegundum skal stilla fram saman sem, innan hvers framstillingarhóps, deila upprunalandi, upprunasvæði innan upprunalands eða öðrum ítarlegri einkennum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal vörutegundum sem tilheyra framstillingarhópi nr. 5 *Annað vín* stillt fram saman með hliðsjón af meginreglum og/eða markmiðum viðmiða þessara eða annarra málefnalegra sjónarmiða í viðkomandi verslun.

Vörutegund sem tilheyrir framstillingarflokknum skal stilla fram í læstum skáp eða hillu í vínkæli eða í almennu verslunarrými.

12. gr.

Framstillingarflokkurinn: styrkt vín, kryddvín, líkjör og bitter.

Framstillingarflokkurinn *styrkt vín, kryddvín, líkjör og bitter* samanstendur af neðangreindum fjórum (4) framstillingarhópum.

1. Styrkt vín.
2. Líkjör, þ.m.t. skot.
3. Bitter.
4. Kryddvín, vermút og aperítíf.

Vörutegundum skal stilla fram saman sem, innan hvers framstillingarhóps, deila enn ítarlegri einkennum, t.d. uppruna, stíl eða bragðeinkennum.

Vörutegund sem tilheyrir framstillingarflokknum skal stilla fram í hillu í almennu verslunarrými.

13. gr.

Framstillingarflokkurinn: sterkt áfengi.

Framstillingarflokkurinn *sterkt áfengi* samanstendur af neðangreindum átta (8) framstillingarhópum sem skiptast, eftir atvikum, enn frekar í undirhópa samkvæmt neðangreindu.

1. Viskí.
 - a. Maltviskí.
 - b. Annað viskí.
2. Brandí.
 - a. Koníak.
 - b. Annað brandí.
3. Ákavíti og snafs.
4. Tekíla og meskal.
5. Gin og Sénever.
6. Vodka.
7. Romm.
8. Annað.

Vörutegundum skal stilla fram saman sem, innan hvers framstillingarhóps eða undirhóps, deila enn ítarlegri einkennum, t.d. uppruna, stíl eða bragðeinkennum.

Vörutegund sem tilheyrir framstillingarflokknum skal stilla fram í hillu eða læstum skáp í almennu verslunarrými.

14. gr.

Framstillingarflokkurinn: ávaxtavín, vínblöndur, sake og áfengisblöndur með styrkleika vínanda yfir 7%.

Framstillingarflokkurinn *ávaxtavín, vínblöndur, sake og áfengisblöndur með styrkleika vínanda yfir 7%* samanstendur af neðangreindum fjórum (4) framstillingarhópum.

1. Ávaxtavín og vínblöndur.
2. Sake (hrísgrjónavín).
3. Hanastél/kokteilar.
4. Annað.

Vörutegundum skal stilla fram saman sem, innan hvers framstillingarhóps, deila enn ítarlegri einkennum, t.d. uppruna, stíl eða bragðeinkennum.

Vörutegund sem tilheyrir framstillingarhópnum 2. *Sake (hrísgrjónavín)* skal stilla fram í hillu í bjórkæli eða almennu verslunarrými. Öðrum vörutegundum sem tilheyra framstillingarflokknum skal stilla fram í hillu í almennu verslunarrými.

15. gr.

Framstillingarflokkurinn: tímabilsflokkur.

Vörutegundir sem boðnar eru til sölu á sama sölutímabili í söluflokknum tímabilsflokki skipa sama framstillingarhóp innan framstillingarflokksins tímabilsflokkur.

Að virtum megininkennum vörutegunda framstillingarhóps hverju sinni skal ákvarða þeim framstillingarrými, framstillingarmáta og röðun, þ.e. þegar við á, í samræmi við ákvæði þessara viðmiða um samskonar vörutegundir sem tilheyra öðrum framstillingarflokkum, t.d. skal jólabjór stillt fram í hillu, á palli og/eða á vörubretti í bjórkæli eða í almennu verslunarrými.

16. gr.

Röðun vörutegunda..

Vörutegundum sem stillt er fram saman skv. 10. gr. skal raðað með hliðsjón af meginreglum og/eða markmiðum viðmiða þessara eða annarra málefnalega sjónarmiða í viðkomandi verslun.

Vörutegundum sem stillt er fram saman skv. 11. gr. skal raðað eftir lítraverði þannig að dýrari vörutegundir séu ofar og ódýrari vörutegundir neðar eða, þegar við á, dýrari vörutegundir vinstra megin og ódýrari hægra megin.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal vörutegundum sem stillt er fram saman skv. 3. mgr. 11. gr. raðað með hliðsjón af meginreglum og/eða markmiðum viðmiða þessara eða annarra málefnalega sjónarmiða í viðkomandi verslun.

Vörutegundum sem stillt er fram saman skv. 12., 13. og 14. gr. skal raða eftir lítramáli umbúða þannig að rúmmálsminni vörutegundir séu ofar og rúmmálsmeiri vörutegundir séu neðar.

Vörutegundum sem stillt er fram saman skv. 15. gr. skal raðað í samræmi við efni ákvæðis 2. mgr. 15. gr.

Vörutegundum sem stillt er fram saman skv. 17., 18. og 19. gr. skal raðað með hliðsjón af meginreglum og/eða markmiðum viðmiða þessara eða annarra málefnalega sjónarmiða í viðkomandi verslun.

17. gr.

Almenn heimild til að sameina vöruhópa innan framstillingarflokks.

Þrátt fyrir ákvæði 10. – 15. gr. er heimilt að stilla fram saman vörutegundum sem tilheyra ólíkum vöruhópum innan sama framstillingarflokks ef það stuðlar betur að framgangi meginreglna og/eða markmiða viðmiða þessara eða annarra málefnalega sjónarmiða í viðkomandi verslun.

18. gr.

Sérstakar heimildir til framstillingar

Þrátt fyrir ákvæði 10. – 15. gr. er heimilt að stilla fram saman vörutegundum sem tilheyra ólíkum vöruhópum eða ólíkum framstillingarflokkum samkvæmt fyrirmælum skrifstofu um, varanlega eða tímabundna, áherslu á neðangreinda vöruhópa í viðkomandi verslun:

- a. náttúruvín.
- b. sem þemadagar hafa verið auglýstir um.
- c. sem njóta sérstakrar og stöðugrar eftirspurnar erlendra ferðamanna.
- d. vörutegundir með veglega aukahluti og/eða í veglegum umbúðum, t.d. gjafaumbúðum, öðrum efnismiklum ytri umbúðum, fjölpakkningum er tilheyra ólíkum vöruhópum o.fl.
- e. nýjar vörur í vöruvali viðkomandi verslunar.
- f. áfengisblöndum, skv. 5. tölul. 1. mgr. 10. gr., og hanastélum/kokteilum, skv. 3. tölul. 1. mgr. 14. gr.
- g. aðrir vöruhópar.

19. gr.

Vín í bjórkæli

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er heimilt, samkvæmt fyrirmælum skrifstofu, að stilla vörutegundum úr framstillingarhópnum vín, sem henta til kælingar, fram í hillu í bjórkæli og skal slík framstilling, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr., vera til viðbótar við aðra framstillingu viðkomandi vörutegunda. Forgangur vörutegunda til slíkrar framstillingar skal að meginstefnu ráðast af eftirspurn í viðkomandi verslun.

IV. KAFLI

Annað.

20. gr.

Lagastofð, gildistaka og brottfall.

Viðmið þessi eru sett með stoð í c lið 6. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak.

Viðmið þessi taka gildi nú þegar og samtímis fellur úr gildi tilkynning um framstillingu vara dagsett 4. nóvember 2013.

Reykjavík, 27. nóvember 2023,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri